

Ár 1980, þriðjudaginn 12. febrúar, var í málinu nr. 1/1980 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi


ú r s k u r ð u r :


Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 4. janúar s.l., fór Ingi Ingimundarson hæstaréttarlögmaður þess á leit við Yfirfasteignamatsnefnd fyrir hönd Grímsneshrepps, að nefndin úrskurðaði um skyldu Félags framreiðslumanna til að svara fasteignaskatti af orlofsheimili félagsins í Grímsnesi. Umrætt félagshemili er reist í landi Norðurkots. Það er byggt 1966 og er 140 m³ að stærð.


Samkvæmt 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga eru orlofsheimili launþegasamtaka ásamt lóð undanþegin fasteignaskatti. Til þess að félag geti talist til launþegasamtaka í skilningi þessa lagaákvæðis og samkvæmt því notið undanþágu frá fasteignaskatti, verður að vera um að ræða almenn félagssamtök tiltekinna starfsgreina, er séu í fyrirsvári fyrir starfsmennina í heild. Samkvæmt lögum Félags framreiðslumanna nær félagið til iðnlærðra framreiðslumanna, sem starfandi eru hér á landi. Er því ætlað að gæta almennt hagsmuna félagsmanna og hafa á hendi fyrirsvár þeirra við gerð kjarasamninga. Samkvæmt þessum upplýsingum um félagið og starfssvið þess, svo og um fasteign þá, sem um er að ræða, verður að telja, að uppfyllt séu skilyrði umrædds lagaákvæðis fyrir undanþágu frá fasteignaskatti, sbr. enn fremur 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Félagi framreiðslumanna er óskilytt að svara fasteignaskatti af ofangreindri fasteign félagsins í Grímsneshreppi.


Gaukur Jörundsson.


Guðmundur Magnússon.


Pétur Stefánsson.